



Samþykkt um búfjárhald í Ísafjarðarbæ

1. gr.

Markmið, gildissvið og umsjón

Samþykkt þessi er sett til að tryggja skipulag, stjórnun og eftirlit með búfjárhaldi í Ísafjarðarbæ, í samræmi við ákvæði laga nr. 38/2013, um búfjárhald, og laga nr. 55/2013, um velferð dýra, og koma í veg fyrir ágang á lóðir íbúa og einnig til verndar gróðri í Ísafjarðarbæ.

Þeir þéttbýlisstaðir sem samþykkt þessi tekur til eru Ísafjörður, Hnífsdalur, Suðureyri, Flateyri og Þingeyri, samanber meðfylgjandi uppdrætti sem sýnir afmörkun svæðanna samkvæmt fylgiskjali 1.

Umhverfis- og framkvæmdanefnd fer með framkvæmd þessarar samþykktar, í umboði bæjarstjórnar, og felur skipulags- og umhverfisfulltrúa að vinna samkvæmt henni, að svo miklu leyti sem hún sé ekki falin öðrum samkvæmt lögum.

2. gr.

Skilgreiningar

Með búfé í samþykkt þessari er átt við alifugla, geitfé, hross, kanínur, loðdýr, nautgripi, sauðfé og svín, samanber 2. gr. laga nr. 38/2013, um búfjárhald.

Með umráðamanni búfjár í samþykkt þessari er átt við eiganda búfjár eða aðila sem er ábyrgur fyrir fóðrun, aðbúnaði og vörslu þess í samræmi við gildandi reglur í Ísafjarðarbæ eða samkvæmt samningi milli aðila, samanber 9. tl. 3. gr. laga nr. 38/2013 um búfjárhald.

3. gr.

Takmörkun á búfjárhaldi

Búfjárhald er heimilt á lögbýlum í Ísafjarðarbæ.

Búfjárhald utan lögbýla er heimilt að fengnu sérstöku leyfi umhverfis- og framkvæmdanefndar, samanber 4. gr. samþykktarinnar.

Í þéttbýli er heimilt að halda allt að 10 hænsni á hverri lóð og 6 dúfur. Hanar eru með öllu bannaðir í þéttbýli í Ísafjarðarbæ.

4. gr.

Umsókn og skilyrði leyfis til búfjárhalds

Sá sem stunda vill búfjárhald utan lögbýlis samkvæmt 3. gr. skal senda umsókn til umhverfis- og framkvæmdanefndar. Í umsókninni skal gera grein fyrir fjölda búfjár, tegund þess, hvaða

húsnæði sé til umráða, öflun vetrarfóðurs, land til sumarbeitar og annað er máli kann að skipta um öryggi þess og vörslu.

Leyfi skal einungis veitt þeim sem getur tryggt örugga vörslu búfjárins allan ársins hring, á viðunandi beitolandi og í gripahúsum og innan gripheldrar girðingar.

Varðandi alifugla skal liggja fyrir samþykki sameigenda ef um fjöleignarhús er að ræða. Sama á við ef um er að ræða jörð eða fasteign í óskiptri sameign. Sé umsækjandi leigjandi skal fylgja samþykki leigusala. Þá skal umsókn fylgja skriflegt samþykki nágranna sem eiga aðliggjandi lóðir.

Telji nefndin umsækjanda uppfylla þau skilyrði sem krafist er samkvæmt gildandi lögum og stjórnvaldsreglum skal leyfi veitt. Leyfið er gefið út á nafn umsækjanda og er ekki framseljanlegt. Í leyfinu skal tilgreina til hvaða tegunda leyfi til búfjárhalds nær og hámarksfjölda búfjár. Leyfi til búfjárhalds er veitt til ákveðins tíma, en er uppsegjanlegt með eins árs fyrirvara, sem miðast við 15. júní ár hvert.

Leyfisveiting búfjárhalds skuldbindur ekki Ísafjarðarbæ til að sjá búfjáreigendum fyrir beitolandi handa búfé né leggja þeim til aðra aðstöðu til búfjárhaldsins.

Óski leyfishafi búfjár eftir því að halda annan búfénað en þann sem um getur í leyfisbréfi, fjölga búfénaði eða óska eftir yfirtöku búfjárhalds sem leyfi hefur verið veitt fyrir, skal sótt um nýtt leyfi.

5. gr.

Aðbúnaður búfjár og húsakostur

Óheimilt er að halda búfé, nema þar til gerður húsakostur sé í samræmi við reglugerðir og aðrar stjórnvaldsreglur um aðbúnað búfjár. Sama gildir um allt umhverfi húsanna.

Leyfishafi ber einn ábyrgð á því að hann hafi beitoland og fóður fyrir búfé sitt og skal hann tryggja góða meðferð þess, samanber lög um velferð dýra. Gangi búfé úti á vetrarþétt skal umráðamaður þess ábyrgjast nægilegt fóður, viðunandi skjól og örugga vörslu.

Bygging gripahúsa annarra en hænsnakofa er einungis leyfð á sérstaklega skipulögðum svæðum sem eru ætluð fyrir búfjárhald. Óheimilt er að byggja við þau, endurnýja eða endurbyggja án tilskilins byggingarleyfis. Gæta skal þess að þau líti vel út. Byggingarleyfi fyrir hænsnakofa er háð ákvæðum gildandi byggingarreglugerðar.

Þau gripahús sem fyrir eru á þéttbýlisstöðum í Ísafjarðarbæ og svæðum sem ekki eru ætluð til búfjárhalds samkvæmt aðalskipulagi, skulu fjarlægð þegar bæjarstjórn ákveður slíkt, með eins árs fyrirvara.

6. gr.

Beitolönd og lönd til slægna

Ísafjarðarbær heldur skrá yfir lönd í eigu sveitarfélagsins, sem leigð eru til beitar og/eða slægna. Umsóknum um land til beitar eða slægna skal senda til skipulags- og mannvirkjanefndar sem gerir tillögur til bæjarstjórnar sem úthlutar landinu.

Einstaklingar og félög búfjáreigenda, sem hafa lönd í eigu Ísafjarðarbæjar á leigu til beitar eða slægna skulu leitast við að viðhalda gróðri landsins og efla hann, meðal annars með árlegri áburðargjöf. Í leigusamningi fyrir beiti- og slægjulönd eru tilgreindar reglur um umgengni um landið.

7. gr.

Dýralæknismeðferðir búfjár og fjallskil

Allar lögskipaðar dýralæknismeðferðir á búfénaði, svo sem garnaveikibólusetning og annað sem upp gæti komið, skulu framkvæmdar á ábyrgð og kostnað búfjáreiganda. Umráðamanni búfjár er skylt að merkja búfé sitt, samanber reglugerð nr. 916/2012, um merkingu búfjár.

Um fjallskil af búfé og landi í Ísafjarðarbæ fer eftir lögum nr. 6/1986 um afréttamálefni, fjallskil o.fl., svo og ákvæðum í fjallskilasamþykkt fyrir Barðastrandar- og Ísafjarðarsýslur, nr. 716/2012.

8. gr.

Lausaganga og handsömun búfjár

Öll lausaganga búfjár er bönnuð innan þéttbýlismarka Ísafjarðar, Hnífsdals, Suðureyrar, Flateyrar og Pingeyrar. Umráðamaður búfjár skal ábyrgjast að búfé í umsjá hans sé haldið innan afmarkaðs svæðis og gangi ekki laust utan þess, samanber 5. gr. laga um búfjárhald. Vörslu- hólfi búfjár skulu afmörkuð með gripheldum girðingum í samræmi við girðingarlög nr. 135/2001 og reglugerð nr. 748/2002, um girðingar, og ber umráðamaður búfjárins ábyrgð viðhaldi girðinga.

Gangi búfé laust innan þéttbýlismarka, en utan vörslusvæða, skal umráðamanni búfjár tilkynnt um það, sé vitað hver hann er, og hann þá fenginn til að sækja gripina. Að öðrum kosti handsamar Ísafjarðarbær búfé og telst þá umráðamaður þess búfjár sem það handsamar og skal það vera í umsjón Ísafjarðarbæjar þar til umráðamaður vitjar þess.

Ef umráðamaður vitjar ekki búfjárins innan viku frá því að honum var tilkynnt um handsömun þess eða ef umráðamaður finnst ekki innan tveggja vikna er Ísafjarðarbæ heimilt að ráðstafa dýrunum til nýs eiganda, selja þau gegn áföllnum kostnaði eða aflífa án bóta. Ísafjarðarbæ er heimilt að innheimta hjá eiganda búfjár kostnað vegna handsömunar þess, samkvæmt auglýstri gjaldskrá. Er sá kostnaður tryggður með lögveði í búfénu.

9. gr.

Eftirlit og viðurlög

Ef leyfishafi brýtur ítrekað gegn lögum um búfjárhald eða samþykkt þessari og sinnir ekki kröfum um úrbætur, má svipta hann leyfi til búfjárhalds með fjögurra vikna fyrirvara.

Brot gegn samþykkt þessari varða sektum. Með mál út af brotum skal farið samkvæmt ákvæðum laga nr. 88/2008, um meðferð sakamála og samkvæmt 14. gr. laga um búfjárhald.

10. gr.

Gildistaka

Samþykkt þessi var samþykkt af bæjarstjórn Ísafjarðarbæjar þann 1. apríl 2026, og er sett með heimild í 4. gr. laga nr. 38/2013, um búfjárhald, og samkvæmt lögum um nr. 55/2013, velferð dýra. Samþykktin öðlast þegar gildi. Jafnframt fellur úr gildi samþykkt um búfjárhald í Ísafjarðarbæ nr. 560/2016.

Leitað hefur verið umsagnar Bændasamtaka Íslands vegna samþykktarinnar, samanber 4. gr. laga nr. 38/2013.

Ákvæði til bráðabirgða.

Þeir sem við gildistöku þessarar samþykktar eiga eða hafa í umsjá sinni búfé sem fellur undir ákvæði til leyfisveitingar skulu sækja um leyfi til búfjárhalds til Ísafjarðarbæjar innan 12 mánaða frá gildistöku samþykktarinnar.

Ísafjarðarbæ 1. apríl 2026

Samþykkt á 569. fundi bæjarstjórnar Ísafjarðarbæjar þann 1. apríl 2026

Sigríður Júlía Brynleifsdóttir, bæjarstjóri